

**430. fundur Framkvæmdarnefndar búvörusamninga var haldinn 22. ágúst 2018 kl. 13:00 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.**

*Þessir sátu fundinn:*

Rebekka Hilmarsdóttir formaður, Arnar Freyr Einarsson ANR, Arnar Árnason formaður LK, Katrín María Andrésdóttir, frkvstj. SG og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ. Guðrún Ögmundsdóttir boðaði forföll sem og varamaður hennar Hrafn Hlynsson.

Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu Matvælastofnunar og Sigurður Eypórsson, frkvstj. BÍ.

Þetta var gert:

1. Tekið var fyrir erindi Markaðsráðs kindakjöts frá 12. maí 2018 þar sem óskað er eftir að 100 m.kr. af ónýttum beingreiðslum ársins 2018 verði varið til áframhalds tímabundins átaksverkefnis um sölu og kynningu á íslensku kindakjöti erlendis vegna sérstakra aðstæðna. Erindið var einnig tekið fyrir á 428. og 429. fundi nefndarinnar, en á þeim fundi var farið yfir frekari upplýsingar frá Markaðsráði kindakjöts um framkvæmd hins tímabundna verkefnis. Erindi var staðfest og lagt til að gengið yrði frá samkomulagi við Markaðsráð um ráðstöfun framlagsins.
2. Tekin var fyrir tillaga LK þess efnis að sett yrði þak á það magn greiðslumarks sem hver framleiðandi getur óskað eftir á hverjum innlausnardegi. Í tillögunni er lagt til að hámarkið skuli vera bundið við 100.000 lítra á hverjum innlausnardegi, þannig að hver framleiðandi geti óskað eftir samtals 400.000 lítrum yfir árið. Ákveðið var því yrði beint til ráðuneytisins að fara yfir tillögu LK og gögn frá MAST og kynna ráðherra drög að mögulegri breytingu á núgildandi reglugerð um stuðning við nautgriparækt eða að öðrum kosti leggur nefndin til að slíkar takmarkanir settar í reglugerð fyrir árið 2019.
3. Tekið var fyrir erindi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) um breytingar á ríkisstuðlum fyrir Skyrdrykk og KEA skyrdrykk, frá 13. júlí 2018. Tillaga SAM um breytingar á ríkisstuðlum fyrir framangreindar vörur var samþykkt skv. 1. mgr. 52. gr. búvörlaga nr. 99/1993.
4. Tekið var fyrir erindi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) um nýja vöru Grillsósar – ríkisstuðlar frá 26. júlí 2018. Tillaga SAM að nýjum stuðli fyrir Grillsósar var samþykkt skv. 1. mgr. 52. gr. búvörlaga nr. 99/1993.
5. Ársskýrsla Búnaðarstofu 2017 var lögð fram til kynningar. Frkvstj. Búnaðarstofu fór yfir helstu atriði skýrslunnar og hvernig framkvæmd búvörusamninga á fyrsta ári samninganna hafi gengið.
6. Formaður lagði fram til samþykktar drög að starfsreglum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Ræddar voru ábendingar sem fram höfðu komið um efni reglnanna. Drög starfsreglnanna voru staðfest óbreytt og mun formaður fá þær birtar á heimasíðu stjórnarráðsins.
7. Önnur mál.
  - Formaður LK fór yfir þá stöðu sem upp er komin vegna umframeftirspurnar eftir innleystu greiðslumarki og aukinnar fjárfestingar í nautgriparækt.

Umfram eftirspurn sé tilkomin þar sem handhafar greiðslumarks haldi að sér höndum, vegna óvissu og mögulegra breytinga við endurskoðun búvörusamninga.

- Formaður BÍ ræddi um nýlega niðurstöðu úrskurðanefndar um upplýsingamál í máli nr. 747/2018 frá 31. júlí 2018 vegna ákvörðunar MAST að afhenda ekki upplýsingar framleiðendur í gæðastýrði sauðfjárrækt. Frkvstj. Búnaðarstofu fór yfir málið og upplýsti nefndina að nú lægi fyrir að MAST þyrfti að taka ákvörðun að nýju í málinu skv. niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.
- Frkvstj. Búnaðarstofu vakti athygli á því að skv. 9. gr. sbr. 12. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1180/2017 ber framkvæmdanefnd að ákveða hvort nýta skuli heimild til þess að greiða stuðning vegna ágangs álfra og gæsa á ræktunarland bænda. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, MAST og Umhverfisstofnun hyggjast funda um málið í september, hvernig útfærslu heimildarinnar skuli háttað. Meiri undirbúning þarf því vegna framkvæmdarinnar og var því ákveðið að heimild um stuðning vegna ágangs álfra og gæsa yrði ekki beitt á árinu 2018.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 15:30.